

FRAN / SPÆN / ÞÝSK2EE05

Bókmenntir, saga, listir

Undanfari 2DD05 í viðkomandi tungumáli

ÁFANGALÝSING

Í þessum áfanga gefst kostur á að dýpka skilning á menningu viðkomandi tungumálasvæðis. Áfram er unnið með færniþættina fjóra, hlustun, lestur, tal og ritun eftir því sem viðfangsefni gefa tilefni til. Ætlast er til að nemendur sýni meira sjálfstæði en fyrr í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla. Unnið er með námsefni af menningarlegum toga. Nemendur lesa bókmenntir og kafla úr sögu landanna með það að leiðarljósi að auka orðaforða og þekkingu á sérkennum þjóðanna. Þemun geta verið einstök lönd, saga, stjórnmál, siðir, hefðir og einstakar listgreinar.

ÁFANGAMARKMIÐ

Skilningur

a. Hlustun

Nemandi á að:

geta fylgt meginþræði í samræðum um málefni sem hann þekkir.

geta vel skilið talað mál og náð megininntaki í lengri frásögn og aðalþræði í námsefni sem ekki hefur verið samið fyrir erlendra námsmenn sérstaklega.

b. Lestur

Nemandi á að:

geta lesið og skilið bókmenntatexta og greinar í tímaritum um valið efni.

geta áttað sig á meginefni þyngrri texta þó hann skilji ekki hvert orð.

geta skilið texta um efni sem hann hefur ekki áður kynnst og greint lykiltríði.

Talað mál

a. Samræður

Nemandi á að:

geta fylgst með og tekið þátt í kennslunni á viðkomandi tungumáli.

geta óundirbúinn tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á.

b. Frásögn

Nemandi á að:

geta sagt frá og haldið uppi samræðum um undirbúin viðfangsefni.
geta dregið saman aðalatriði úr skáldsögum eða greinum úr fjölmiðlum
og notað til þess fjölbreyttan orðaforða.

Ritun

Nemandi á að:

geta beitt málnotkunarreglum þannig að notkun þeirra valdi ekki misskilningi.
geta lýst eigin upplifun og túlkun á málefnum í rituðu máli.

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta.
Mælt er með að vægi ritaðra verkefna og/eða munnlegrar færni verði aukið.
Við upphaf áfangans skal nemendum gerð grein fyrir þeim atriðum sem
námsmat byggist á.